B.Í.L.S.

# Bandalag íslenskra leigubifeiðastjóra: Vottun

Gæðamerki var samþykkt af stjórn B.Í.L.S. á fundi 11.júní 2024, hugsað til að verja aðalatvinnu leigubifreiðastjóra og öryggi almennings í umhverfi leigubifreiðaaksturs, þar sem íslensk stjórnvöld hafa brugðist væntingum stéttarinnar og almennings. Merkið er gylltur bakgrunnur undir hjólbarða og skýringatexta innan hjólbarðans, með borða í íslensku fánalitunum hangandi úr merkinu.

Vottun í framkvæmd: Leyfishafi er með skráð leyfi til leigubifreiðaaksturs, sem er aðalatvinna hans, er með tryggða leigubifreið og skráða í leyfið, er í bifreiðastjórafélagi með aðild að BÍLS, þannig er til staðar samtal við stéttina, er og hefur starfað eitt ár á leigubifreiðastöð með símsvörun, hefur gott orðspor, það er að viðkomandi hefur að baki starfsnám undir leiðsögn, getur talað og skilið íslensku þokkalega vel til þess að sinna starfinu án vandræða, starfar samkvæmt gildandi lögum um leigubifreiðar.

Fimm manna Nefnd BÍLS fer yfir lista tilnefndra og umsækjenda vottunar og samþykkir félagana að skilyrðunum.

Nefndarmenn sem forfallast mega tilnefna aðra félagsmenn innan bandalagsins í nefndina, með samþykki nefndarmanna.

Bandalagið áskilur sér rétt til þess að taka niður merki félagsins, ef bílstjóri uppfyllir ekki lengur skilyrði vottunar.

Kjósa skal í nefnd 5 manna úr stjórn bandalagsins, nefndin má tilnefna félaga til að fara yfir lista tilnefndra og umsækjenda vottunar.

Gæta skal hlutleysis og forðast skal hagsmunaárekstra milli félaga.

Gengið er úr skugga um að umsækjandi uppfylli skilyrðin.

Renni leyfið út á því ári, verður vottun veitt með fyrirvara um endurnýjun leyfis.

Vottun gildir til febrúarloka ár hvert, með límmiða í framrúðu leigubifreiðar.

☐ Ég undirritaður félagsmaður _ _ _ _ _ _ _ sæki um gæðavottun B.Í.L.S. gegn kostnaðargjaldi við úttekt og framkvæmd vottunar sem vottunarnefndinn ákveður.

☐ Ég mun ekki taka niður merkið eða flytja það á milli bifreiða án þess að tilkynna það til skrifstofu B.Í.L.S.

☐ Ég undirritaður áskil BÍLS rétt til þess að taka niður Vottunarmerkið, standist ég ekki lengur skilyrði vottunar

undirritun félagsmanns leyfishafa